

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 4677. ágúst 1981 með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skilyrði þess að sveitarfélag komi til greina við úthlutun aukaframlaga skv. reglugerð þessari eru:

- a. að álagningarhlutfall útsvars sé ekki lægra en innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu,
- b. að nýtt hafi verið heimild til álagningar fasteignaskatts að því marki sem greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga þ.e. a.m.k. ½% skv. a-lið og a.m.k. 1% skv. b-lið.
- c. að nýtt hafi verið heimild til álagningar aðstöðugjalda.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið aflar upplýsinga frá sveitarfélögum um álagningu fasteignaskatts og aðstöðugjalda og nýtingu þessara tekjustofna. Skulu sveitarfélög hafa skilað skýrslu til ráðuneytisins um þessi efni í síðasta lagi 15. september ár hvert á eyðublöðum, sem ráðuneytið lætur þeim í té.

Til grundvallar útsvarstekjum skal leggja áætlun Þjóðhagsstofnunar um skattskyldar tekjur yfirstandandi árs. Hlutfallsleg skipting útsvarstekna milli sveitarfélaga skal ákveðin á grundvelli skýrslu ríkisskattstjóra um innheimt útsvör í staðgreiðslu fyrstu átta mánuði ársins að teknu tilliti til vanskila.

Að fengnum skýrslum og upplýsingum frá sveitarfélögum skv. 1. og 2. mgr. semur félagsmálaráðuneytið heildarskýrslu um skatttekjur í sveitarfélögum skv. 1. og 2. mgr. ásamt upplýsingum um nýtingu einstakra tekjustofna í hverju sveitarfélagi.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 504

AUGLÝSING

11. nóvember 1988

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 371.900.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 26.800.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1988 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.